

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 24.10.2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Skagabyggðar 24. október 2018 í Skagabúð kl. 16:00. Á fundinn voru mætt: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Karen Helga Steinsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson og Magnús Guðmannsson.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Þjónusturáð fatlaðra-tilnefning
2. Persónuverndarmál
3. Skipulags-og byggingarfulltrúi
4. Styrkbeiðni frá Markviss
5. Skólaakstur
6. Ræsing í Húnaþingi
7. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða-umsókn
8. Önnur mál

Oddviti óskaði eftir að gera breytingu á dagskrá og setja inn eftirfarandi lið sem nr. 8 og önnur mál verða nr. 9.

8. Fundargerðir, bréf og ársreikningar

- a) Fundargerð stjórnar Norðurár bs. 21.janúar 2018
- b) Fundargerð stjórnar Norðurár bs. 28. febrúar 2018
- c) Fundargerð stjórnar Norðurár bs. 4. júlí 2018
- d) Fundargerð aðalfundar Norðurár bs. 10. september 2018
- e) Ársreikningur Norðurár bs. 2017
- f) Fundargerð Byggðasamlags um menningar- og atvinnumál 31. ágúst 2018
- g) Fundargerð Félags- og skólaþjónustu A-Hún 15. febrúar 2018
- h) Fundargerð Félags- og skólaþjónustu A-Hún 18. apríl 2018
- i) Fundargerð Félags- og skólaþjónustu A-Hún 7. júní 2018
- j) Fundargerð Félags- og skólaþjónustu A-Hún 25. júní 2018 (er vitlaust dagsett, er 25. júlí 2018)
- k) Fundargerð byggðasamlags tónlistarskóla A-Hún
- l) Ársreikningur Tónlistarskóla A-Hún
- m) Bréf frá Guðnýju Sigurðardóttur
- n) Bréf frá Samgöngufélaginu
- o) Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga
- p) Bréf frá Íbúðalánasjóði
- q) Bréf frá Jafnréttisstofu

Sveitastjórn samþykkti að bæta þessu við dagsskrá fundarins. Gengið til dagskrá.

1. Þjónusturáð fatlaðra - tilnefning

Fyrir fundinum lá erindi frá Grétu Sjöfn Guðmundsdóttur hjá Fjölskyldusviði Sveitarfélagsins Skagafjarðar, þar sem óskað er eftir að Skagabyggð tilnefni 1 fulltrúa í þjónusturáð fyrir fatlaða. Samþykkt að Dagný Rósa Úlfarsdóttir verði fulltrúi Skagabyggðar í þjónusturáðinu og Magnús Guðmannsson verði til vara.

2. Persónuverndarmál

Oddviti upplýsti að Svavar Viðarsson frá Advania sem áður hafði verið tilnefndur sem persónuverndarfulltrúi Skagabyggðar hafi látið af störfum hjá Advania. Áður hafði

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 24.10.2018

hann unnið persónuverndarstefnu fyrir Skagabyggð sem undirrituð var 3. september 2018. Nú liggur fyrir að Advania ætlar að útvega starfsmann til að vinna áfram að verkefninu fyrir sveitarfélögin 5 sem áður höfðu ráðið Svavar. Oddvita falið að ráða tímabundinn persónuverndarfulltrúa og stofna netfang.

3. Skipulags- og byggingarfulltrúi

Rætt um samstarf við önnur sveitafélög í Austur Húnavatnssýslu varðandi starf skipulags- og byggingarfulltrúa. Samþykkt að oddviti hafi samráð við Blönduósbæ og núverandi byggingarfulltrúa vegna málsins.

4. Styrkbeiðni frá Markviss

Fyrir fundinum lá styrkbeiðni frá skotfélaginu Markviss á Blönduósi að upphæð 200.000 krónur. Samþykkt að veita styrk upp á 50.000 krónur.

5. Skólaakstur

a) Rætt að hækka greiðslur fyrir skólaakstur. Samþykkt að hækka taxtann um 10% afturvirkir frá ágúst 2018. Frekari hækkunum vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2019. Magnús Guðmannsson sat hjá undir þessum lið.

b) Fyrir lá beiðni frá Sveitarfélaginu Skagaströnd um að sinna skólaakstri fyrir sveitarfélagið. Það samþykkt og oddvita falið að ganga frá málinu.

6. Ræsing í Húnaþingi

Óskað er eftir að Skagabyggð taki þátt í verkefninu Ræsing í Húnaþingi nú í haust. Það er verkefni á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar og sveitarfélaganna í Húnavatnssýslum. Markmiðið er að efla nýsköpun í sveitarfélaginu. Framlag Skagabyggðar yrði 250.000 kr. skv. tillögu.

Sveitastjórnin fagnar þessu verkefni en þykir útreikningar á framlögum sveitarfélaga óeðlilegir og ekki í takt við íbúafjölda í sveitafélagunum. Skagabyggð er til í að styrkja verkefnið um 75.000 krónur. Er miðað við að önnur sveitafélög greiði sambærilega tölu miðað við íbúa.

7. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða – umsókn

Oddviti fór yfir stöðu verkefnisins Kálfshamarsvík sem áfangastaður. Áfangaskýrsla hefur verið send inn og mun ný umsókn vegna gerðar göngustíga, lagningu vatnslagna, gerð salernisaðstöðu og bílastæða verða send inn fyrir 29. október 2018.

8. Fundargerðir og ársreikningar

a) Fundargerð stjórnar Norðurár bs. 21. janúar 2018.

Lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð stjórnar Norðurár bs. 28. febrúar 2018.

Lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð stjórnar Norðurár bs. 4. júlí 2018.

Lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 24.10.2018

d) Fundargerð aðalfundar Norðurár bs. 10. september 2018.

Lögð fram til kynningar.

e) Ársreikningur Norðurár bs. 2017.

Lagður fram til kynningar.

f) Fundargerð Byggðasamlags um menningar- og atvinnumál 31. ágúst 2018.

Lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð Félags- og skólaþjónustu A-Hún 15. febrúar 2018.

Lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð Félags- og skólaþjónustu A-Hún 18. apríl 2018.

Lögð fram til kynningar.

i) Fundargerð Félags- og skólaþjónustu A-Hún 7. júní 2018.

Lögð fram til kynningar.

j) Fundargerð Félags- og skólaþjónustu A-Hún 25. júní 2018 (er vitlaust dagsett, er 25. júlí 2018)

Lögð fram til kynningar.

k) Fundargerð byggðasamlags tónlistarskóla A-Hún

Lögð fram til kynningar.

l) Ársreikningur Tónlistarskóla A-Hún

Lagður fram til kynningar.

m) Bréf frá Guðnýju Sigurðardóttur

Oddvita falið að svara bréfinu.

n) Bréf frá Samgöngufélaginu

Oddvita falið að svara bréfinu.

o) Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 24.10.2018

p) Bréf frá Íbúðalánasjóði

Kynnt og oddvita falið að svara bréfinu.

q) Bréf frá Jafnréttisstofu

Oddvita falið að svara bréfinu.

9. Önnur mál

Magnús Guðmannson lagði til að styrkja jólahlaðborð kvenfélagsins Heklu um 75.000 krónur. Það er samþykkt í sveitarstjórn. Karen Helga R. Steinsdóttir og Dagný Rósa Úlfarsdóttir sátu hjá við þessa samþykkt.

Umræður urðu um Skagaveg og ástand hans.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:15.

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Magnús Björnsson

Magnús Guðmannsson

Karen Helga R. Steinsdóttir

Kristján Steinar Kristjánsson